


Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara frá Þórarinsstöðum í Seyðisfirði, um Austdal og yfir í Mjóafjörð



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og
Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

NV nr. 24-18
Ágúst 2018

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning mán/ár: Ágúst 2018
Skýrsla nr: NV nr. 24-18		Dreifing: <input type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til: <input type="checkbox"/> Háð leyfi verkkaupa
Verknúmer: 526		
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna lagningu ljósleiðara á austfjörðum		Blaðsíður: 20
Höfundur: Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Kristín Sylvía Ragnarsdóttir		Upplag: 5
Verkefnisstjóri:		Fjöldi korta: 2
ÚTDRÁTTUR Fornleifakönnun vegna lagningu ljósleiðara frá Þórarinsstöðum í Seyðisfirði um Austdal og yfir í Mjóafjörð.		Gerð skýrslu/Verkstig: Lokaskýrsla
Lykilorð íslensk: Fornleifaskráning.		Unnið fyrir: Neyðarlínuna
Undirskrift verkefnastjóra: Margrét Hallmundsdóttir		Yfirfarið af: Nancy Bechtloff

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR.....	3
2. AÐFERÐAFRÆÐI	3
2.1 Tilgangur fornleifaskráninga.....	3
2.3 Skrá yfir fornleifar.....	5
3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ	5
4. FORNLEIFASKRÁNING	5
5. NIÐURSTAÐA.....	16
HEIMILDASKRÁ.....	17
VIÐHENGI 1	18

1. INNGANGUR

Að beiðni Magnús Haukssonar hjá Neyðarlínunni gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifakönnun fyrir innsetningu ljósleiðara frá Austdal yfir í Mjóafjörð. Svæðið afmarkast af Þórarinsstöðum í Seyðisfirði yfir í Brekkuborpi í Mjóafirði. Strengurinn á að liggja frá Þórarinsstöðum þar sem hann hefur þegar verið lagður og út að bænum Austdal en þar er hann áætlaður innan túns og fram inn Austdal og yfir fjallið þar sem hann hefur verið lagður efst nú þegar og niður Brekkudal í Mjóafirði niður í lítið hús í Brekkuborpi. Mjög svört þoka var efst í fjallinu alla skráningardagana og komust fornleifafræðingar ekki vegna þoku efst í dalinn enda skyggni um 1 m. Talað var við staðkunnuga og fólk sem hafði gengið þarna yfir sem fullyrtu að engar vörður eða fornleifar væri að finna svo ofarlega. Rannsóknin fór fram dagana 18.-20. júlí og var vettvangsvinna og skýrsla unnin af Margræti Hallmundsdóttur og Kristínu S. Ragnarsdóttur fornleifafræðingum hjá Náttúrustofu Vestfjarða sem jafnframt sáu um skýrsluskrif.

2. AÐFERÐAFRÆÐI

Lagnaleiðin var könnuð út frá kortum þar sem strengur hafði verið teiknaður og var kannað svæði sem var 15 m sitt hvoru megin við þar sem strengurinn er áætlaður. Notast var við Trimble Juno 5 uppmælingatæki.

2.1 Tilgangur fornleifaskráninga

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að löggin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga löggin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir: „Skylt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.“

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem: „Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta,

áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir: „fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.). „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).“

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalousu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

2.2 Aðferðafræði

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar.

Allir skráðir minjastaðir voru skráðir og voru teknir staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble pro uppmælitæki. Minjastöðunum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

2.3 Skrá yfir fornleifar

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíðu Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 1968 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 1968-001.

3. FRAMKVÆMDARSVÆÐIÐ

Framkvæmdasvæðið byrjar rétt utan við Þórarinsstaði en (strengurinn hefur nú þegar verið lagður þar í gegn) í vegi sem liggur í átt að Austdal og Skálanesi og beygir upp hlið að Austdal og fer inn á heimatún Austdals og svo inn Austdalinn. Þar liggur strengurinn við ána í nokkuð blautu landi og mýrum. Strengurinn liggur svo upp úr dalnum og yfir fjall og yfir í Brekkudal í Mjóafirði og þaðan niður í þéttbýlið og í tengihús.

4. FORNLEIFASKRÁNING

Númer: 1968-001

Hlutverk: Óþekkt/sel ?

Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 742940 A: 540529

Staðhættir: Rústin er staðsett í Austdal nálægt fossi á milli stöð 1000-1250.

Minjalýsing: Rústin er tveggja hólfa með austara hólfið stærra en vestara.

Stærð rústarinnar er 7 x 7 metrar og

veggir eru um 50 cm háir. Veggir eru hlaðnir úr torfi, algrónir og lyngi vaxnir, ólíkt umhverfinu í kring. Rústin sést ekki vel og er mögulega gamalt sel eða beitarhús.

Hættumat: Strengurinn er 18 m frá rústinni. Þarf að gæta varúðar.



Mynd 1. Fornleifafræðingur stendur við rústina. Ljós. MHH.

Númer: 1968-002**Hlutverk:** Kví/stekkur**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N: 743046 A: 540173

Staðhættir: Rústin er staðsett á slétta svæðinu á milli stöðvar 1250-1500. Rústin er tæpum 8 metrum norðaustan við rúst 003. Í örnefnaskrá segir: „Yst í dalnum ofan við Móinn og nær



Lönguhlíð er Stóralyng. Stekkatóft öðru nafni Kvíatóft er út og niður af Lönguhlíð. Ekki er vitað hvort nafnið er eldra.“¹

Minjalýsing: Rústin er tveggja hólfa, með vestara hólfið stærra en það austara. Vestara hólfið er 3,5 x 7,5 metrar á stærð og austara hólfið er 3 x 4 metrar að stærð. Bæði hólfin eru ílöng með opið fram í dalinn og hæð veggja hæsta um 50 cm. Rústin er hlaðin úr torfi og er mjög grasi og lyngi gróið.

Hættumat: Strengurinn liggur beint yfir rústina.

Númer: 1968-003**Hlutverk:** Kví/stekkur**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N: 743029 A: 540164

Staðhættir: Rústin er tæpum 8 metrum suðvestur af rúst 002 á sléttu svæði milli stöðvar 1250-1500. Rústin er staðsett um 1 metra rétt norðaustan við slóða sem fer inn Austdalinn og suðaustan við smáa á.

Minjalýsing: Rústin er tveggja hólfa, með nyrðra hólfið minna en það syðra. Nyrðra hólfið er 3 x 3 metrar á stærð og syðra hólfið er 4 x 3 metrar að stærð. Bæði hólfin eru ílöng með opið inn í dalinn og hæð veggja hæsta um 50 cm. Rústin er hlaðin úr torfi og er mjög grasi og lyngi gróið.

Hættumat: Er 15 m frá annarri línunni sem þarna er fyrirhuguð.

¹ Örnefnaskrá Austdals.

Númer: 1968-004

Hlutverk: Fjánhús


Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 743305 A: 541479

Staðhættir: Fjánhúsið í túninu suðvestan við bæjarhól og tæpum 20 metrum norðvestan við rústir 005 og 006.

Minjalýsing: Fjánhúsið er tveggja hólfa. Austara hólfíð er 15 metrar á lengd og 4 metrar á breidd að innan með 4,5 x 0,8 metra langt og 50 cm hátt fjárbað fyrir miðju við annan endann á garða. Op er inn í hólfíð að austan verðu og einnig að sunnan. Vestara hólfíð er 4 metrar á breidd og 6 metrar á lengd að innan með op til vesturs. Mögulegt hrun eða ógreinileg viðbygging er norðan til utan við vestara hólfíð, en enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur. Veggir fjárhússins eru hæstir um 1,5 metra og eru steinhlaðnir og grasi og lyng grónir. Mikið hrun er út frá veggjum fjárhússins, bæði að innan og utan.

Hættumat: Strengurinn er fyrirhugaður 5 metra frá rústinni.



Teikning 1. Innmæling af húsinu. Teikning: MHH.



Mynd 3. Mynd af fjárhúsinu tekið úr dróna. Ljós. MHH.

Númer: 1968-005**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N: 743300 A: 541506

Staðhættir: Rústin er tæpum 20 metrar norðvestur af fjárhúsi 004 og tæpum metra í suðaustur af svipaðri rúst 006.



Teikning 2. Teikning af rústinni. Teikning: MHH.

Minjalýsing: Ferköntuð rúst að öllum líkindum eldra en fjárhús 004 og rúst 005. Rúst þessi er með eitt hólf og er 2 x 3 metrar að stærð og með op í austur. Veggir rústarinnar eru að mestu um 15 cm háir og torfhlaðnir.

Hættumat: Strengurinn er fyrirhugaður 8 m frá rústinni.

Númer: 1968-006**Hlutverk:** Óþekkt**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N: 743300 A: 541506

Staðhættir: Rústin er tæpum 20 metrar norðvestur af fjárhúsi 004 og tæpum metra í norðvestur af svipaðri rúst 005.



Teikning 3. Sýnir minjar [005-006]

Minjalýsing: Aðeins er um einn vegg sem sést af þessu húsi eða rými.

Númer: 1968-007**Hlutverk:** Hesthús**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N: 743318 A: 541522

Staðhættir: Mjög grasi vaxin rúst í brekkunni suðaustan við bæjarhól og um 10 metra sunnan við rúst 008. Í örnefnaskrá Austdals segir: „Fremstahús var 40 kinda



Teikning 4. Rúst af hesthúsi [007]

hús með viðbyggt heystæði það var vestast í túninu. Neðan við Efstahús var lítill kofi sem nefndur var

*hrútakofi. Í honum voru jafnan 3 hrútar. Á milli hrútakofans og Austdalsbæjar var hesthúsið. Þar var rúm fyrir 2 hesta.*²

Minjalýsing: Rústin er líklegast hlaðin úr torfi en erfitt var að greina fyrir rústinni vegna gróðurs. Eitt hólf er á rústinni með opið til austurs. Rústin er 2 x 4,5 metrar á stærð að innan og 4 x 7 metrar að stærð að utan. Veggir rústarinnar voru að mestu um 80 cm háir á suðurhlið niður brekkuna en engin hæð er á norðurvegg þar sem rústin virðist vera byggð inn í brekku.

Hættumat: Rústin er 14 m frá strengnum og því innan hættusvæðis.


Númer: 1968- 008

Hlutverk: Hrútakofi

Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 743317 A: 541535

Staðhættir: Rústin er tæpum 15 metra suðaustan við rúst 009. Í örnefnaskrá Austdals segir: „Fremstahús var 40 kinda hús með viðbyggt heystæði það var vestast í túninu. Neðan við Efstahús var lítill kofi sem



Teikning 5. Teikning af rústinni. Teikning: MHH.

*nefndur var hrútakofi. Í honum voru jafnan 3 hrútar. Á milli hrútakofans og Austdalsbæjar var hesthúsið. Þar var rúm fyrir 2 hesta.*³

Minjalýsing: Steinhlaðin rúst með tveim hólfulum með op í austur og vestur. Vestari hólfið er stærra en það austara og er með uppstandandi þríhyrndan kamar með bárujárnsþaki byggðan ofan í hólfið. Rústin er um 9 metrar á lengd, 5 metrar á breidd og hæst um 1 metri á hæð.



Mynd 4. Ljósmynd úr dróna sem sýnir rústina og kamarinn. Ljós.: MHH.

² Örnefnaskrá Austdals.

³ Örnefnaskrá Austdals.

Númer: 1968-009

Heiti: Fremstahús

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 743294 A: 541561

Staðhættir: Rústin er í tæpum 8 metra norðvestur af rúst 008. Í örnefnaskrá Austdals segir: „var 40 kinda hús með viðbyggt heystæði það var vestast í túninu.“⁴



Mynd 5. Innmæling á rústinni. Ljós.: MHH.

Minjalýsing: Rúst með tveim flöngum hólfulum með op í suðaustur og norðaustur. Suðaustara hólfið er stærra en norðaustur hólfið og er um 16 x 4 metrar að stærð að innan og norðaustara hólfið er 9 x 4 metrar að stærð. Veggir rústarinnar eru hæstir um 1,5 metri og eru hlaðnir úr steinum, grasi grónir og með hrun út frá veggjum. Tröppur eru upp a vegg í norðausturvegg af stærra hólfinu yfir í suðvestur hluta á minna hólfinu. Suðaustur hólfið er allt fullt af rusli og virðist hafa verið notað sem einskona geymsla.

Hættumat: Strengurinn er fyrirhugaður 5 metra frá rústinni.

Númer: 1968- 010


Sérheiti: Efstahús

Hlutverk: Fjánhús og hlaða

Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 743364 A: 541542

Staðhættir: Fjánhús og hlaða staðsett norðan við baðstofuna, við götuna sem fer heim að bænum þegar komið er af



Teikning 6. Innmæling á Efstahús. Teikning: MHH.

⁴ Örnefnaskrá Austdals.

Austdalshálsi. Í örnefnaskrá segir „Fremstahús var 40 kinda hús með viðbyggt heystæði“.⁵

Minjalýsing: Fjárhús og hlaða með háa veggi, hæst um 1,7 metri. Veggir eru steinhlaðnir og mjög grasi grónir. Tvö flöng hólf eru á þessari rúst þar sem austur hólfid er stærra en það vestara. Leifar af bárujárni eru sjáanleg innan í austara hólfinu. Tengt við fjárhúsið til austurs eru svo tvö önnur hólf sem eru einnig steinhlaðin.



Mynd 6. Mynd úr dróna sem sýnir fjárhúsið. Ljós. MHH.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968- 011

Hlutverk: Heystæði

Tegund: Hleðsla

Staðsetning: N: 743362 A: 541567

Staðhættir: Réttin er staðsett norðan við fjárhúsið Efstahús 010 og er líklega heystæðið sem nefnt er í örnefnalýsingu „Fremstahús var 40 kinda hús með viðbyggt heystæði.“⁵

Minjalýsing: Hæð veggins er um 1 metri og er réttin hlaðin út torfi og er mjög grasi og lyngi gróin.

⁵ Örnefnaskrá Austdals.

Númer: 1968- 012**Sérheiti:** Austdalur**Hlutverk:** Bær/býli**Tegund:** Rúst**Staðsetning:** N: 743438 A: 541521**Staðhættir:** Bæjarrústin er staðsett sunnan við fjárhús og hlöðu 010. Í Örnefnaskrá Austdals segir:*„Austdalsbærinn var þannig gerður,**frá árinu 1914, en þá var baðstofa byggð, sem stóð óbreytt allt til búskaparloka árið 1945: Hún var úr timbri á þrjá vegu, annar stafninn var úr torfi, annar hliðarveggur pappa og járnvarinn, sá syðri hinn, bakhlið út torfi og þar á milli voru bæði fjós og hlaða norðan baðstorfunar. Stærð baðstofuna var samkvæmt fasteignamati frá 1930 96 m² tvö herbergi niðri og 2 uppi á baðstofuloftinu. Baðstofna var ofnhituð, og í henni var einnig eldavélin sem að mestu var kynnt með sverði og rekaviði. Við vesturenda**baðstofunnar var þiljaður skúr, varinn með pappa og járn, í honum búr og geymsla. Gangur var þvert í geng um húsið milli baðstofu og skúrsins og úr honum inngangur til baðstorfunar. Úr honum lá stigi upp á baðstofuloftið. Þak bæjarins var klætt járn. Áðurnefnt fjós, sem var sambyggt bænum að norðanverðu, var fyrir tvær kýr og hlaðan þar tók um 80 heyhesta. Þar var bæjarhóllinn sem að bæjarþorpið var byggt inn í.**Teikning 7. Innmæling á bæjarstæðinu. Teikning: MHH.**Mynd 7. Strompur bæjarins liggur brotinn inn í bæjarrústunum. Ljós. MHH.**Að sunnanverðu var votheysgryfja 12,53 að stærð. Útielhdús var vestan við bæinn þar var eldað slátur í sláturtíð og reykt kjöt til heimilisnota. Þetta voru bæjarhúsin.⁶***Minjalýsing:** Nokkuð stór rúst af bæjarhúsi. Veggir rústarinnar eru grjóthlaðnir og allt að 1,70 metra háir. Timburveggir, jafnvel hús hefur verið inn í grjóttliðum sem eftir eru. Að minnsta kosti hefur öll fram hliðin verið úr tré því að þar eru engar hleðslur. Steyptur strompur hefur verið á⁶ Örnefnaskrá Austdals.

húsinu í syðsta hólfinu þar sem leifar eru af honum eftir að hafa fallið niður. Gamalt hlóðaeldhús stendur stakt við hliðina á bæjarröðinni þar sést í hlaðnar hlóðir í enda.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.


Númer: 1968-013

Hlutverk: Fjánhús

Tegund: Rúst

Staðsetning: N:743352 A:541472

Staðhættir: Um 40 metra austur af fjárhúsi 004 er lítill rúst. Rústin er greinilega lítið fjánhús og aftan við, og innangengt er lítil hlaða.



Teikning 8. Rauði hringurinn sýnir rústina. Teikning: MHH.

Minjalýsing: Veggir eru grónir og aðeins um 30 cm háir. Rústin er 16 m á lengd og 8 m á breidd.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968-014

Hlutverk: Útihús/óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: N:743247 A:541488

Staðhættir: Um 50 m vestur af rúst 004 er lítil rúst af húsi.

Minjalýsing: Rústin er 10 m á lengd og 5 m á breidd og eru hleðslur grónar og lágar eða um 30 cm háar.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968-015

Hlutverk: Óþekkt

Tegund: Rúst

Staðsetning: N:743247 A: 541488

Staðhættir: Um 50 m ssa af bæjarrústunum niður við ána er rúst eða rétt.

Minjalýsing: Veggir eru grónir og um 30 cm á hæð. Veggir hafa verið hlaðnir á þrjá vegu. Ekki sést framgafi hlaðinn, hann gæti hafa verið úr timbri. Mögulega hefur þetta verið fjárrétt. Hleðslan er 20 m á lengd og 14 á breidd.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968-016

Hlutverk: Útihús

Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 743532 A:541572

Staðhættir: Um 100 m norð austur af bæjarrústunum er rúst af húsi sem líklega hefur verið útihús.

Minjalýsing: Húsið virðist hafa verið 3 hólf. Tvö lengri samsíða og eitt lítið aftan við annað lengra hólf. Rústin er 11 m á lengd og 7 m á breidd. Hleðslur eru grónar og um 20 cm á hæð. Líklega er þetta nokkuð gömul rúst.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968-017


Sérheiti. Bjargarbær/Bjargartóft

Hlutverk: Bær/býli

Tegund: Rúst

Staðsetning: N: 743517 A: 541613

Staðhættir: Rétt norðan við heimreiðina að Austurdal eru rústir. Líklegt er að þetta séu rústir



Bjargarbæjar en í örnefnaskrá Austdals *Mynd 8. Bjargartóft alveg við veginn. Ljós.: MHH.*

segir: „Á holtinu sem áður er getið, er tóft, sem heitir Bjargartóft. Þar stóð áður Bjargarbær, Ekkja séra Jóns Jónsonar Björnson á Dvergasteini, Björg Magnúsdóttir (nefnd Helga í Ísl. Æviskrám) byggði sér þennan bæ, en Austdalur var í eigu Dvergasteinskirkju. Maddama Björg, eins og hún var

alltaf kölluð bjó í húsi sínu í austdal í fjögur ár, 1871-74. Þar voru tvær fjölskyldur árið 1874, Björg með börn sín þrjú og fjórir í hinum heimilinu. Árið áður voru fjögur börn hennar heima og tvö vinnuhjú og í hinu heimilinu voru níu menn.⁷

Minjalýsing: Mögulega er rúst 016 annað þessara heimila sem greint er frá því í kring um þá rúst er eins og lítið tún hafi verið afgangi. Ofan við veginn er rúst sem líklega er hitt heimilið sem lýst var í örnefnaskrá. Þar má greina hleðslur sem líklega eru af bæ og rétt fyrir ofna er rúst af litlu útihúsi. Hleðslunnar eru grónar og um 40 cm á hæð stærð rústanna er 26 m á lengd og 10 m á breidd.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968-018

Hlutverk: Óþekkt /Útihús ?

Tegund: Rúst

Staðsetning: N:743493 A:541622

Staðhættir: Rétt norður af Bjargarbæ er rúst af húsi sem hefur líklega hefur tilheyrt Bjargarbæ.

Minjalýsing: Húsið er ílangt og er 14 m á lengd og 7 m á breitt. Trégafl hefur verið á húsinu.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs.

Númer: 1968-019

Hlutverk: Garðlag

Tegund: Garðlag

Staðsetning: N: 743289 A:541601

Staðhættir: Norðanvert við túnið á Austdal er túngarður.

Minjalýsing: Garðurinn er að mestu ógróin og liggur á melnum. Hann er 906 m langur þar sem hann liggur frá klettum í vestri að ánni í austri. Líklega er þetta ekki gamall garður heldur undirstaða undir girðingu. Túnið samkvæmt túnakorti frá 1920 var minna en þessi garður.



Mynd 9. Garðlag ofan við Austdal. Ljósm. MHH.

⁷ Örnefnaskrá Austdals.

Hættumat: Ljóst er að rjúfa verður garðinn á smá kafla til að koma streng í gegn. Hægt er að fjarlægja steina úr garðinum og setja þá aftur á sama stað.

Númer: 1968-020

Hlutverk: Mógrafir

Tegund: Mógrafir

Staðsetning: N: 743289 A: 541601

Staðhættir: Innan við bæinn eru mýrar sem nefndar eru Gildrumýri og Ollumýri.⁸

Minjalýsing: Á þessu svæði eru mógrafir eða torftökustaðir. Tveir stórir flákar sjást vel sem eru grónir í dag. Í kringum mógrafirnar eru litlar a.m.k fjórar upphlaðnar tóttir sem notaðar hafa verið til að stafla mónum og vant látið leka úr áður en hann var ferjaður heim að næ. Þetta er algengt við mó og torfgrafir. Þar sem þetta er utan við áhrifasvæðis vegna strengsins var svæðið allt skráð á eitt númer.

Hættumat: Utan við áhrifasvæði jarðstrengs..

5. NIÐURSTAÐA

Engar minjar eru sjáanlegar á yfirborði svæðisins upp af Brekkuborpi og upp Brekkudal í Mjóafirði. Þar sem strengurinn hefur þegar verið lagður yfir háfjallið [2017][sjá kort] Gengið var frá tengihúsi í Brekkuborpi alla fyrirhugaða leið strengsins í Brekkudal. Engar minjar fundust innan þeirra 30 m sem kannaðir voru.

Strengurinn liggur í röskuðu vegstæði frá örbylgjuhúsi utan við Þórarinsstaði (sjá kort) og að Austdal. Engar minjar voru í vegstæðinu þar sem strengurinn verður lagður.

Talsvert er um minjar í Austdal. Þar sem línan er teiknuð inn á heimatúnið í Austdal var ákveðið að mæla inn allar sjáanlegar minjar í túninu, þar sem um mjög heilstætt minjaumhverfi er að ræða í Austdal sem fór í eyði 1945. Innan túns í Austdal eru minjar númer **004-005-007-009** í eða innan 15 metra helgunarsvæðis.

Lagt er til að strengurinn verði færður út úr túninu og lagður við hlið túnsins til dæmis í slóða sem liggur inn í Austdal. Með því er enginn hættu á að minjar í heimatúni Austdals verði fyrir skemmdum en líklegt er að minjar sé að finna í túninu sem sjást ekki á yfirborði. Strengurinn

⁸ Örnefnaskrá Austdals.

á einnig að liggja yfir eða of nærri minjum **001-002-003** sem eru lengra inn í dalnum. og þarf að hnika honum til þar til þess að þær minjar verði ekki fyrir áhrifum. Sé strengurinn færður út úr heimtúni Austdals og hnikað við minjar **001-002-003** sem eru innar í Austdal ætti að vera hægt að leggja strenginn án áhrifa á fornleifar. Strengurinn fer þó aðeins yfir rúst 002.


HEIMILDASKRÁ

Örnefnaskrá Austdals


VIÐHENGI 1




Kort 1. Teikningin sýnir fyrirhugaða línu (rauð) og númer á minjum sem mældar voru upp. Kort: MHH.



Kort 2. Teikningin sýnir minjar sem eru nærri streng innar í Austdal. Kort: MHH.



Kort 3. Teikningin sýnir fyrirhugaða línu (rauð) og númer á minjum sem mældar voru upp. Þessar minjar [020] eru utan við áhrifasvæði en voru skráðar með Kort: MHH.



Pórarinsstaðir

Örbylgjustöð

Hjarpandagi

Skálanes

Salteyrardalur

Flanni 803

Norbottar

Hánefsstaðafjall 704

Bægsli 938

Snjófell 1028

Snjófallstindur

Hánefsstaðakinn 1012

Hesteyrarskaró 921

Ekrutindur

Austdalur

Hofsgjá

Teltatindur 1013

Rinnatindur

Steinsnesdalur

Goðatindur 944

Hofstakalur

Rinnadalur

Dalatangi (953)

Hof

Hagi

Rinn

Skýringar

- Jarðstrengir þegar lagðir
- Jarðstrengir 2018

0 250 500 1.000 Metrar

Source: Esri, DigitalGlobe, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community